

Fundargerð 57. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fundarsal Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði föstudaginn 17. nóvember 2023 kl 12.00.

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Gauti Geirsson., Halldór Halldórsson, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Dagný Finnbjörnsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir,

Forföll boðaði Jónas Heiðar Birgisson áheyrnarfulltrúi.

Einnig sátu fundinn og rituðu fundargerð þau Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðapróunar og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið til boðaðar dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Staðfundur Sóknarhóps Vestfjarðastofu
3. Þinggerð Fjórðungsþings – til kynningar

Fundur stjórnar FV

1. Fundargerðir til kynningar
 - a. Fundargerð 100. fundar stjórnar SSNV 7. nóvember 2023
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-100-fundar-stjornar-ssnv-7-november-2023>
 - b. Fundargerð 14. fundar stjórnar SSA 20. október 2023
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/11/14.-fundur-SSA-201023.pdf>
 - c. 603. stjórnarfundur SASS. 10. nóvember 2023
<https://www.sass.is/603-fundur-stjornar-sass/>
 - d. 936. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – í gögnum á Teams
 - e. 55. Stjórnarfundur SSNE 4. október 2023
<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE23/fundargerð-55-fundar.pdf>
2. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
 - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
 - d. Afrakstur umsagna.
 - e. Umsagnarbeiðni
 - e. Umsagnir til skoðunar
 - f. Samráðsgátt

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Í upphafi fundarins óskaði formaður eftir að taka á dagsskrá erindi Ísafjarðarbæjar varðandi tillögu um nýja skipan nýs varafulltrúa í stjórn Fjórðungssambandsins samkvæmt ákvæðum 2. m.gr. 5. gr samþykkt Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Tillagan samþykkt.

Framkvæmdastjóri kynnti erindi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, dagssett í dag, þess efnis að bæjarstjóri hefði fengið erindi frá Aðalsteini Traustasyni að hann óskaði eftir, sem fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, að víkja úr stjórn sambandsins. Varafulltrúi sveitarfélagsins Jóhann Birkir Helgason mun því taka sæti í stjórn Fjórðungssambandsins.

Með vísan til samþykkt Fjórðungssambandsins skipar stjórn, að viðhöfðu samráði við heimasveitarfélag, nýjan varamann í stjórn sambandsins sem situr fram til næsta ársþings. Í samráði við Ísafjarðarbæ er gerð tillaga að Dagný Finnbjörnsdóttir, verði varafulltrúi Jóhanns í stjórn. Þessi skipan gildir fram að 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að vori.

Formaður bar upp tillögu um að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti tilnefningu Dagnýju Finnbjörnsdóttur varamanns í stjórn sambandsins og þá samtímis í varamann í stjórn Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt samhljóða og Dagný boðin velkomin til starfa.

Dagný Finnbjörnsdóttir mætti til fundar í forföllum Jóhanns Birkis Helgasonar.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra.

Til máls tóku; Jóhanna, Halldór, Elísabet, Nanný, Friðbjörg, Lilja

Framkvæmdastjóri tók til umræðu, að fyrr í dag hélt stjórn og starfsmenn Vestfjarðastofu sameiginlegan fund um stefnu og áherslur í starfi Vestfjarðastofu á árinu 2024 auk þess að fjalla um árangur af starfi ársins 2023.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að skipaður verði starfshópur innan stjórnar til að vinna úr niðurstöðu af stefnumótunarfundi stjórnar og starfsmanna

Tillaga kom fram um Dagnýju Finnbjörnsdóttur, Gauta Geirsson og Jóhönnu Ösp Einarsdóttur.

Tillagan samþykkt.

2. Staðfundur Sónarhóps Vestfjarðastofu

Til máls tók Gauti Geirsson, Hann skýrði frá framkvæmd og umræðu á fundi Sónarhóps sem haldinn var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, þann 16. nóvember s.l.. Fundurinn var vel sóttur og góð umræða í tengslum við erindi sem voru flutt voru. Ræða þarf úrvinnslu á fundinum en stefnt er að fundi í lok janúar í þeim efnunum.

Til máls tóku auk Gauta, Lilja, Elísabet, Jóhanna, Friðbjörg og Halldór.

3. Þinggerð Fjórðungsþings – til kynningar

Þinggerð 68. Fjórðungsþings Vestfirðinga lögð fram til kynningar.

Formaður kynnti eftirfylgni ályktana þingsins, en fundir hafa verið haldnir með innviðaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Vegagerð og stefnt að fundi með matvælaráðuneyti.

Fundur stjórnar FV

4. Fundargerðir til kynningar.

Fundargerðir landshlutasamtaka lagðar fram til kynningar.

- a. Fundargerð 100. fundar stjórnar SSNV 7. nóvember 2023
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-100-fundar-stjornar-ssnv-7-november-2023>
- b. Fundargerð 14. fundar stjórnar SSA 20. október 2023
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/11/14.-fundur-SSA-201023.pdf>
- c. 603. stjórnarfundur SASS. 10. nóvember 2023
<https://www.sass.is/603-fundur-stjornar-sass/>
- d. 936. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – í gögnum á Teams
- e. 55. Stjórnarfundur SSNE 4. október 2023
<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE23/fundargerð-55-fundar.pdf>

5. Umsagnir:

Til máls tók Aðalsteinn

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
Lagðar fram umsagnir sem áður hafa verið kynntar í tölvupósti.
 - i. Umsögn um samgönguáætlun 2024-2038. [154-397.pdf \(althingi.is\)](#)
 - ii. Umsögn um miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum.
<https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-666.pdf>Tillaga borin upp um að stjórn Fjórðungssambands staðfestir framlagðar umsagnir. Tillagan samþykkt
- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
 - i. Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040, mál S-184/2023 <https://island.is/samradsgatt/mal/3554#view-advice>
Lagðar voru fram ályktanir 68. Fjórðungspings að hausti. Ályktun um lagareldi og ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó.
 - ii. Breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun mál 169/2023.
[Samráðsgátt | Samráðsgátt - Breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun \(island.is\)](#)
Umsögn byggir á fyrri umsögn í Samráðsgátt um áform um lagasetningu.
- c. Afrakstur umsagna.
Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis hefur boðað til fundar til að ræða umsögn um Samgönguáætlun 2024-2038

d. Umsagnarbeiðni

i. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [61. mál, Þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt](#). Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 23. nóvember nk.

Tillaga; ekki verði send umsögn, Tillaga samþykkt

ii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [71. mál, samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir](#). Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 23. nóvember nk.

Tillaga; ekki verði send umsögn. Málið er flutt óbreytt að nýju frá síðasta þingi, þá skilaði FV umsögn og fylgt eftir með fundi umhverfis og samgöngunefndar. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/153/153-4147.pdf> Umsögn FV er birt með málinu ásamt öðrum umsögnum sem sendar voru inn þegar málið var lagt fram síðasta þingi. Tillagan samþykkt.

iii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [450. mál Svæðisbundin flutningsjöfnun \(breytingar á úthlutunarreglum\)](#). Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 23. Nóvember.

Tillaga um að senda inn umsögn sem árétti afstöðu sem kemur fram í fyrri umsögnum í Samráðsgátt. Tillagan samþykkt.

iv. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar [72. mál Fjarnám á háskólastigi](#). Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 23. nóvember nk.. nóvember nk.

Tillaga um að kynna tillögu Menntastefnu Vestfjarða sem er í lokaafgreiðslu sveitarstjórnar á Vestfjörðum. Tillagan samþykkt.

e. Umsagnir til skoðunar

Engar umsagnir eru til skoðunar.

f. Samráðsgátt.

Engin mál í Samráðsgátt sem gefa tilefni til umsagna á grundvelli ályktana eða stefnumörkunar Fjórðungssambandsins.

6. Önnur mál

Nanný Arna kynnti mál sem eru til umræðu í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og varða hagsmuni sveitarfélaga á Vestfjörðum; Hagsmunagæslu í úrgangsmálum, endurskoðun á fráveituskipan ESB og endurskoðun á kjörum sveitarstjórnarfulltrúa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.10.